



Reglur um heimgreiðslur

Heimgreiðslur bjóðast forráðamönnum barna á aldrinum 12-24 mánaða sem eru með lögheimili í Norðurþingi enda njóti þeir ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barns og eiga gilda umsókn um leikskólapláss.

Markmið með heimgreiðslum er að koma til móts við barnafjölskyldur við að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og þar til barni býðst leikskólapláss.

Heimgreiðslur miða við að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- Að foreldri/forráðamaður og barn eigi lögheimili í Norðurþingi.
- Að barn sé orðið 12 mánaða og ekki eldra en 24 mánaða.
- Að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi í Norðurþingi.

Upphaf heimgreiðslna miðast við næstu mánaðarmót eftir að barn nær 12 mánaða aldri eða næstu mánaðarmót í kjölfar umsóknar ef barn er 13-23 mánaða gamalt.

Heimgreiðslur falla niður ef barn flytur lögheimili sitt í annað sveitarfélag, hefur nám í leikskóla, hafnar vistun eða þegar það nær 24 mánaða aldri.

Mánaðarleg heimgreiðsla er 150.000 krónur og er greidd eftir á. Heimgreiðslurnar eru greiddar sem styrkur og eru framtalsskyldar til skatts.

Heimgreiðslur eru greiddar í allt að 11 mánuði en eru ekki greiddar vegna júlímánaðar.

Sótt er um heimgreiðslur í gegnum vefsíðu sveitarfélagsins.

Reglur þessar gilda frá 1. ágúst 2024 – 30. júní 2025.

Samþykkt í fjölskylduráði 16.04. 2024
Staðfest af sveitarstjórn 2.05.2024



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 nordurthing@nordurthing.is